

Reykjavík, 20. nóvember 2002

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Efni: **Umsögn um frumvarp til laga um viðskiptabanka og sparisjóði
8. mál, stofnfjárlutir.**

Sambandi íslenskra sparisjóða hefur borist ofangreint mál til umsagnar.

Síðast liðið sumar óskaði Sambandið eftir fundi með Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis vegna þeirrar stöðu sem þá var upp komin vegna tilraunar Búnaðarbanka Íslands til yfirtöku á Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, enda taldi Sambandið að vegið væri að tilverugrundvelli sparisjóðanna í landinu.

Fundur var síðan haldinn í Efnahags- og viðskiptanefnd 30. júlí s.l. og á þeim fundi var óskað eftir hugmyndum frá Sambandinu um orðalag til breytinga á gildandi lögum sem taki til verðlagningar stofnfjárluta og festi í sessi þann skilning sem fram hafði komið í athugasemdum með frumvarpi því er síðar varð að lögum nr. 71/2001 um breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113/1996.

Í 4. tölul. athugasemda segir :

“Þegar stofnfjárbréf eru í boði er áskilið í lögum að þau skuli keypt og seld á nafnverði að viðbættri ónýttri heimild til endurmats stofnfjár. Viðskiptin fara því fram á grundvelli fyrirfram ákveðins verðs.”

Samband ísl. sparisjóða varð við óskum þeim er settar voru fram á framangreindum fundi. Þann 31. júlí 2002 ritaði Sambandið nefndarmönnum í Efnahags- og viðskiptanefnd svohljóðandi bréf:

31. júlí 2002

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
hr. form. Vilhjálmur Egilsson
Alþingi

Á fundi Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis í gær var þess farið á leit að Samband íslenskra sparisjóða aflaði upplýsinga um eigið fé sparisjóða, stofnfé sparisjóða og fjölda stofnfjáreigenda skipt niður á einstaka sparisjóði.

Enn fremur var óskað hugmyndar frá sambandinu um orðalag til breytingar á gildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði sem taki til verðlagningar stofnfjárhluta og festi í lög þann skilning sem fram kom í athugasemdum við frumvarp það sem síðar varð að lögum 71/2001 um breytingu á fyrr nefndum lögum.

Samband íslenskra sparisjóða telur að með því að skjóta inn nýjum öðrum málslið í (sé hægt að ná fram framangreindu markmiði) 18. gr. laganna mundi þá hljóða svo:

„Sala eða annað framsal stofnfjárhluta í sparisjóði er óheimilt nema með samþykki sparisjóðsstjórnar. Sé endurgjald innt af hendi skal um það fara samkvæmt reglu 2. mgr. 22. gr. Veðsetning stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimil.“

2. mgr. 22. gr. hljóðar þannig:

„Það verð sem nýr stofnfjáreigandi skal greiða fyrir hlut, skal vera nafnverð hans að viðbættri ónýttri heimild til endurmats stofnfjár skv. 23. gr.“

Ljóst má vera að hér er aðeins um eina mögulega útfærslu að ræða en hugsa má sér að nálgast tilgang ákvæðisins með öðrum hætti svo sem að fjalla ítarlegar um þau skilyrði sem þurfi að vera fyrir hendi til að stjórn sparisjóðs sé heimilt að fallast á framsal og/eða herða frekar á ákvæðum 35. gr. varðandi 5 % regluna.

Samband íslenskra sparisjóða þakkar jákvæð viðhorf nefndarmanna til sparisjóðanna sem fram komu á fundi nefndarinnar í gær og lýsir yfir að sambandið sé reiðubúið til náins samstarfs með nefndinni í þeim tilgangi að bæjja frá þeirri vá er nú vofir yfir framtíð sparisjóðastarfsemi á Íslandi.

Virðingarfyllst,
f.h. Sambands íslenskra sparisjóða

Sigurður Hafstein
framkvæmdastjóri

Frá því að tillaga þessi var sett fram hefur iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið látið vinna fyrir sig lögfræðilega álitserð um það hvort frumtillaga Sambandsins sé fær leið og er Sambandinu tjáð að niðurstaða þess sé neikvæð á þann hátt að líkur séu á því að lögfesting beinnar verðákvörðunar nú feli í sér hættu á að lagaákvæði þar að lútandi yrði talin af dómstólum andstæð eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar.

Sé sú raunin telur Sambandið ekki fært að umrædd leið sé farin. Þess í stað beri að leita annarra úrræða sem ekki hafa tilgreinda annmarka. Í framangreindu bréfi Sambandsins frá 31. júlí er einnig tekið fram að það megi hugsa sér að nálgast tilgang ákvæðisins með öðrum hætti. Það er síðan gert með tilteknum ákvæðum í frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki 215. mál. Þessi ákvæði er að finna í 42.gr. 64.gr. 70.gr. og 101.gr. framangreinds frumvarps. Með hliðsjón af því sem áður segir um lagaóvissu verði 18. gr. laga 113/1996 breytt í þá veru sem hér er lagt til telur Samband sparisjóða rétt að úrlausn þess málefnis sem frumvarpinu er ætlað að leysa verði byggð á þeirri leið sem 215. þingmál leggur drög að.

Heimild til handa sparisjóðum til að breyta rekstrarformi sínu í hlutafélög var samþykkt á Alþingi árið 2001 með lögfestingu laga 71/2001. Lítil sem engin reynsla er enn fengin af hinum nýju lagaákvæðum og telur Samband sparisjóða því ekki efni til að nýfengin heimild verði afnumin og mælir því gegn. Hins vegar má segja að allar breytingar orki tvímælis þá þegar þær eru gerðar og því skal ekki leynt að ólík sjónarmið voru innan sparisjóðahópsins hvort nauðsyn bæri til breytinga. Þrátt fyrir skoðanaágreining var það samhljóða niðurstaða sparisjóða, fyrir eindregin tilmæli einstakra sjóða sem töldu breytingu nauðsynlega, að samtök þeirra styddu lögmæta hagsmuni þeirra sem erfitt töldu að lifa við óbreytt umhverfi og framtíðar sinnar vegna yrðu að fá ný og öflugri tæki til öflunar eigin fjár.


Samband ísl. sparisjóða telur að hyggja þurfi að tilteknum breytingum á nokkrum ákvæðum laga er varða hlutafjárveðingu sparisjóða.

Hins vegar sé nauðsynlegt að vanda undirbúning slíkra breytinga og tími til þess nú fyrir áramót of stuttur. Eins þyrfti að hyggja að því hvort bjóða ætti sparisjóðum að fara fleiri en eina leið til öflunar utanaðkomandi eigin fjár með sama hætti og nú er gert í Noregi.

Það er von Sambands ísl. sparisjóða að þegar þar að kemur taki hæstvirt Alþingi tillögum sparisjóðanna vel enda horfi þær til framfara og leiði til stöðugleika í starfi sparisjóðanna.

Samband ísl. sparisjóða þakkar flutningsmönnum frumvarps þessa þann stuðning og velvilja til starfsemi sparisjóðanna sem fram kemur í frumvarpinu og greinargerð með því.

Virðingarfyllst,
SAMBAND ÍSL. SPARISJÓÐA


Sigurður Hafstein
framkvstj.